


Samtöl Matthíasar



Verkefnablöð

Skólavefurinn

Steinn Steinarr

1957 og 1958

- Takið eftir stemningunni sem Matthías skapar strax í upphafi samtalsins: Hvers komnar stemning er það?
- Hvaða minningu á Steinn um rottur og hvað segir það okkur um æfi hans?
- Hvaða afstöðu virðist Steinn hafa haft til stjórn mála og af hverju hafði hann ugg af h+aum stigum?
- Hvenær fór Steinn að yrkja og hvað varð til þess?
- Hvað segir Steinn um kreppuárin á Íslandi og hvernig urðu þau m.a. til þess að hann og fleiri dóu ekki á einhverjum vígvelli úti í heimi?
- Hvað ætli Steinn eigi við með setningunni: „Það er eins og sumir menn séu jafnfátækir hvað mikla peninga sem þeir eiga.“?
- Hvað segir Steinn um Tímann og vatnið?
- Hvernig sér Steinn Íslendinga?
- Skrifðu upp í stikkorðastíl allt sem þið vitið um Stein eftir að hafa lesið viðtalið.

Eggert Stefánsson

1957 / 1974

- Hvað minnir Eggert Matthías helst á þegar hann hittir hann úti á götu?
- Hvaða mun segir Eggert vera á viðhorfi Ítala og Norðurlandanna til bókmennta?
- Eggert segir á einu stað að íslenska lýðveldið sé ekkert nema ópera. Hvað á hann við með því?
- Eggert talar um andlegt Ísland annars vegar og annað Ísland hins vegar. Hvaða mun segir hann á þessu tvennu?
- Hvað segir Eggert um raka, bankastarfsmenn og trésmiði?
- Af hverju segir Eggert að ógæfan sé hættulegri en gæfan á þessu landi?
- Hvers konar milljónari er Eggert?
- Hver er skoðun Eggerts á Kaupmannahöfn?
- Af hverju hélt Eggert til útlanda?
- Skrifðu upp í stikkorðastíl allt sem þið vitið um Stein eftir að hafa lesið viðtalið.

Jón Magnússon

1959 / 1976

- Hver var Jón Magnússon?
- Hvernig tók Jón á móti Matthíasi?
- Segja má að inngangurinn að meginviðtalinu nái yfir á fjórðu blaðsíðu. Hvað tilgangi þjónar inngangurinn í samtalinu?
- Hvað segir Jón um mannskaðaveðrið 1906?
- Hvers konar lífi lifði Jón? Heldurðu að það hafi verið dæmigert líf í þá daga?
- Skrifðu upp í stikkorðastíl allt sem þið vitið um Stein eftir að hafa lesið viðtalið.

Þórarinn Jónsson á Melum

1959

- Hvað var Þórarinn Jónsson gamall þegar Matthías talar við hann?
- Hvernig byrjar Matthías samtalið og brýtur ísinn ef svo má að orði komast?
- Segið örstutt frá æsku Þórarins?
- Af hverju finnst Þórarinn gott að geta hlustað á messuna í útvarpinu?
- Hverjum líkti ævisöguritari Þórarins Vilhjálmur Vilhjálmsson honum við?
- Hvað er það sem hefur komið Þórarini í gegnum allan vanda í lífinu?
- Nefndu dæmi um það að Þórarinn hafi verið forspár eða séð eitthvað fyrir?
- Hvað finnst Þórarini vera forsendan fyrir ánægjulegu lífi?
- Hvað bíður Þórarins þegar hann deyr?

Svavar Guðnason

1959

- Hvert var erindi Matthíasar þegar hann fór upp í Listamannaskála á sýningu Svavars og af hverju var það ?
- Hver voru fyrstu viðbrögð Svavars við beiðni Matthíasar?
- Hvað kemur fram um liti í samtalinu?
- Hvað fannst Kjarval um sýningu Svavars? Hvað fannst honum að hún ætti að heita?
- Hver keypti fyrstu myndina sem Svavar seldi?
- Hvers konar myndir málar Svavar og hvað er að finna í myndunum hans?
- Hvað var það sem mótaði litasjón Svavars?
- Hvernig var lífið ólíkt því sem það er nú þegar Svavar var að alast upp? Hvað með fjöllin?
- Hvað finnst Svavari um listasmekk og listaverkakaup?
- Hvernig upplifði Svavar fordóma gagnvart list í Kaupmannahöfn?
- Hvernig er hæfilegt peningaleysi gott fyrir fólk að mati Svavars?
- Hvað finnst Svavari um atvinnuleysi og af hverju?